

115. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 6. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Karl Friðriksson, Bjarni Guðmundsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Þorvarður Árnason, Olga Ingólfssdóttir og Hrafnkell Guðnason.

1. Gæðamál Nþ

Mótun gæðastefnu og gæðamats fyrir starfssemi setursins var liður í starfsáætlun ársins. Hugrún Harpa greindi frá því að hún hefði á fyrsta fundi stjórnar Samtaka þekkingarsetra rætt gæðamál þekkingarsetranna. Stjórni SþS var sammála um mikilvægi þess að þekkingarsetrin komi sér upp sameiginlegum gæðaviðmiðum. Unnið verður að undirbúningi verkefnisins og verður vinna Nþ að gæðamálum því sameiginleg öðrum setrum í gegnum samstarf þeirra.

2. Umhverfismál Nýheima

Eyjólfur sagði frá vinnu FAS í umhverfismálum síðastliðinn veturn. FAS stefnir að því að vinna áfram að umhverfismálum og vinna að róttækum aðgerðum á sviði umhverfismála. Starfsmenn FAS munu sitja námskeið í Nýheimum þann 11. ágúst og er öðrum starfsmönnum í Nýheimum boðið að taka þátt í því námskeiði.

3. Sumarstarf fyrir nema hjá Nýheimum þekkingarsetri

Þekkingarsetrið fékk úthlutað einu stöðugildi frá Vinnumálastofnun í tengslum við átakið sumarstörf fyrir námsmenn. Starfið var auglýst og var umsóknarfrestur til 1. júní, engin umsókn barst. Hugrún greindi frá því að viðræður eru við Þekkingarnet Þingeyinga um mögulegt samstarf um ráðningu nema í stöðugildið.

4. Samningur við mennta- og menningarmálaráðneytið

Hugrún Harpa greindi frá því að hún fer til fundar í ráðneytinu þann 4. júní, um er að ræða árlegan samráðsfund en bindur forstöðumaður vonir við að svör fáist varðandi endurnýjun samnings.

5. KVAN til Hornafjarðar

Hugrún sagði frá því að staðfest er að gestafyrirlesarar frá KVAN munu halda valdeflandi örnmálskeið fyrir ungmanni á Höfn 2. september. Þekkingarsetrið býður ungmennum á námskeiðið.


6. Önnur mál

Eyjólfur spurðist fyrir um niðurstöður styrkumsóknar í Loftslagssjóð fyrir verkefnið „Loftslagsráðstefna unga fólksins“, en verkefnið hlaut ekki styrk. Eyjólfur lagði til að óskað yrði eftir umsögn vegna umsóknarinnar og að leitað yrði leiða til að halda ráðstefnuna þrátt fyrir þessa niðurstöðu.

Kristín greindi frá því að verkefni Náttúrustofunnar „Endurtökuljósmyndun á íslenskum jöklum 2020“ hlaut styrk úr Loftslagssjóði.

Hugrún sagði frá því að vorfundur SASS verður haldinn á Höfn í lok júní.

Fundi slitið klukkan 9:00



Eyjólfur Guðmundsson
Hugrún Harpa Reynisdóttir